

**Íbúaráð Grafarvogs 8. október 2023: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 2. október 2023, um skipun starfshóps um úttekt á umferðaröryggismálum í hverfinu:**

Árið 2014 fól hverfisráð Grafarvogs sérstökum starfshópi að gera úttekt á umferðaröryggismálum í hverfinu og skilaði hópurinn af sér vandaðri skýrslu í október sama ár. Lagt er til að Íbúaráð Grafarvogs skipi að nýju starfshóp til að gera úttekt á umferðaröryggismálum í hverfinu. Hópurinn fari yfir stöðu umferðaröryggismála og leggi fram tillögur til úrbóta. Skoðað verði hvaða tillögur, sem lagðar voru til í skýrslunni frá 2014, hafa komist til framkvæmda og hvernig þær úrbætur hafa reynst.